



## Fundargerð hreppsnefndar 04. febrúar 2016

Fundur nr. 35 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 4. febrúar 2016 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16:00.

Mætt til fundar: Stefán Grímur Rafnsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Steingrímur R. Árnason, Bárður Jónasson, Magnús Þór Róbertsson og Sigríður Bragadóttir.

Einnig sátu fundinn Baldur Kjartansson skrifstofustjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

a. Velferðarnefndar dags. 12. janúar 2016

Eftirfarandi bókun var samhljóða samþykkt:

Undir 1. lið fundargerðar Velferðarnefndar bókar sveitarstjórn eftirfarandi:

Þar sem Þverholt 9 verður nú auglýst til sölu mun sveitarstjórn hafa íbúðina að Þverholti 7 til umráða. Velferðarnefnd er falið að úthluta henni og hafa til viðmiðunnar úthlutunarreglur félagslega kerfisins.

Sveitarstjórn samþykkir að gera skuli tímabundinn samning um leigu á Þverholti 7 og skal leigutímabilið vera til 31.7.2016. Ef ekki er þörf fyrir húsnæðið mun leigusamningurinn verða framlengdur til 31.7.2017.

Síðan var eftirfarandi bókun borin upp:

Sveitarstjórn bókar við fundargerð Velferðarnefndar.

Sveitarstjóra ásamt formanni velferðarnefndar er falið að vinna drög að samþykktum fyrir velferðarnefnd þar sem umsjón þeirra með jafnréttis-, húsnæðis- og ferilmálefnum kemur skýrt fram.

Einnig er þeim falið að vinna drög að reglum um leiguhúsnæði sveitarfélagsis og úthlutunarreglum fyrir nefndina þegar húsnæði utan félagslegs kerfis er úthlutað.

Bókunin samhljóða samþykkt.

Fundargerðin síðan samhljóða samþykkt.

b. Menningarmálanefndar dags. 18. janúar 2016

Fram fór umræða um 2. tl. dagskrár þar sem nefndarmenn lýstu sjónarmiðum sínum. Fundargerðin samhljóða samþykkt.

c. Starfshóps um heimasíðu sveitarfélagsins dags. 25. janúar 2016

Rætt um stöðu verkefnsins að öðru leyti til kynningar.

d. Nefndar um uppbyggingu íþróttamannvirkja dags. 26. janúar 2016

Lagt fram til kynningar.

e. Stjórnar SSA dags. 15. desember 2015  
Lagt fram til kynningar.

f. Stjórnar SSA dags. 12. janúar 2016  
Lagt fram til kynningar.

g. Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga dags. 15. janúar 2016  
Lagt fram til kynningar.

h. Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 18. janúar 2016  
Lagt fram til kynningar.

i. Félagsmálanefndar dags. 27. janúar 2016  
Lagt fram til kynningar.

## 2. Almenn mál:

a. Umsókn um Þorbrandsstaði  
Steingrímur yfirgefur fundinn undir þessum lið.  
Samþykkt samhljóða að hafna umsókn þar eð umsóknarfrestur var liðinn og aðrir ráðstöfunarmöguleikar eru í athugun.

b. Kynning á ljósleiðaravæðingu  
Oddviti bauð Magnúsi Má, sem unnið hefur að málinu f.h. sveitarfélagsins samhliða honum, að kynna stöðu verkefnisins. Lögð fram ályktun samráðshóps sveitarfélaga á Austurlandi þar sem framgangsmáta ríkisvaldsins er mótmælt. Fram fór síðan umræða um málið. Lagt fram tilboð frá Eflu er varðar vinnu við áfanga 1. og er nánar tilgreint í hverju vinnan felst.

c. Umsögn um frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak o.fl.  
Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra og oddvita að koma á framfæri umsögn sveitarstjórnar. Fram kom skýr vilji sveitarstjórnar að ekki verði horfið frá núverandi fyrirkomulagi.

## 3. Bréf til sveitarstjórnar frá:

a. Elsu Möller – Hvar eru stóru strákarnir?  
Umræða fór fram um málið og fagnar sveitarstjórn frumkvæði bréfitara. Samþykkt samhljóða að vísa bréfi Else til velferðarnefndar og íprótta- og æskulýðsnefndar.

b. Leikfélagi Menntaskólans á Egilsstöðum  
Samþykkt samhljóða að hafna styrkbeiðninni.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 17:30.

[Fylgigögn fundar 040216.pdf](#)